

600 Jarðmyndun og landmótun

Íslensk fitjuskrá

útgáfa 1.1

Umsjón efnisinnihalds:



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS



Umsjón útgáfu:



LANDMÆLINGAR
ÍSLANDS



SSL nefnd LÍSU

Vegna athugasemda og fyrirspurna vinsamlega hafið samband
í síma 430 9000 eða sendið tölvupóst á Imi@mi.is

600 Jarðmyndun og landmótun

Nafn	Jarðmyndun og landmótun
Skilgreining	Þemað nær yfir jarðfræðileg fyrirbæri sem varða myndun og mótun lands. Má þar nefna berggrunn, jarðgrunn, höggun og rofmyndanir. [1]
Kóði	600-699

Fitjuflokkar

Eldstöð	601
Berg og bergmyndanir	602
Set og setmyndanir	603
Höggun	604
Ofanföll	605
Eyjar, sker og jökulsker	606
Landslag	607

Athuga: Aftast í skjalinu er listi yfir fitjueigindir sem eru sameiginlegar öllum fitjuflokkum.

Fitjueigindir	Heiti
Aðferð aldursgreiningar, aldursákvörðun	adferdAldursgr
Afstæður aldur jarðmyndana og landforma	afstaedurAldur
Aldursákvörðun, leiðréttur aldur	aldursakvordun
Ár jarðmyndunar	arJardmyndunar
Dagsetning jarðmyndunar - byrjun	dagsJardmB
Dagsetning jarðmyndunar - endir	dagsJardmE
Eld - og sprunguvirkni	eldSprunguvirkni
Flokkun bergs	berg
Flokkun eyjar og skers	eyjarSkers
Flokkun landslags	landslag
Flokkun ofanfalla	ofanfall
Gerð gosgíga	gerdGosgiga
Gerð skers og kletts	gerdSkersKletts
Jarðhnik	jarðhnik
Jarðlagahalli	jarðlagahalli
Jarðmyndun og landmótun við höggun	jarðmLandmHoggun
Jarðmyndun og landmótun eftir ofanföll	jarðmLandmOfanfall
Jarðmyndun og landmótun lausra jarðefna	jarðmLandmJarðefna
Jarðmyndun og landmótun úr bergi og lausum gosefnum	jarðmLandmBerg
Jarðsögulegur aldur	jarðsögulegurAldur
Kornastærð	kornastaerd
Kristöllun bergs	bergXll
Lega jarðlaga	legaJardlaga
Magn kísiloxíðs í storkubergi og lausum gosefnum	magnKisiloxids
Miðlína (hryggglína) jarðmyndana	midlinaJardmyndana
Misgengisbrún	misgengisbrun
Mörk jarðlaga	morkJardlaga
Segulstefna jarðlaga	segulstefnaJardlaga
Segultímatál, segultímakvarði	segultímatál
Setgerð	setgerd
Straumstefna í jarðmyndunum og jökulrofi	straumstefna
Strikstefna, strik	strikstefna
Steingervingar	steingervingar
Tegund storkubergs	tegStorkubergs
Yfirborð jarðmyndana	yfirbordJardmyndana

601 Eldstöð

Nafn	Eldstöð
Skilgreining	Þar sem kvika brýst upp á yfirborð jarðar verður til eldstöð. Við upphleðslu gosefna frá eldstöðinni verður til eldfjall. [2]
Kóði	601

Nöfn fitjueiginda		
	Eld - og sprunguvirkni	eldSprunguvirkni
	Gerð gosgíga	gerdGosgiga

Fitjueigind

Nafn	Eld - og sprunguvirkni
Skilgreining	Gerður er greinarmunur á hvort eldstöð eða sprunga sé virk eða óvirk. [1]
Heiti	eldSprunguvirkni
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e: integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Virk	1	Eldstöð eða sprunga sem er virk og hefur orðið til nýlega.
Óvirk	2	Eldstöð eða sprunga sem er óvirk en ber merki um forna virkni.
Virknir óviss	999	Ekki vitað um virkni

Fitjueigind

Nafn	Gerð gosgíga
Skilgreining	Lögun og gerð gosgíga getur verið með ýmsu móti sem ræðst meðal annars af kvikugerð og eldvirkni. [1]
Heiti	gerdGosgiga
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar

<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Gosrás	gigt	Rás í jarðskorpu sem gosefni fara eftir upp á yfirborð jarðar. [3]
Gígur	gig	Skárlaga lægð með gígörpum, gosopi eða ummerkjum eftir gos í botni. [3]
Eldborg	gig01	Hringlaga klepragígur með bratta gígveggi að utan og innan. [3]
Dyngjugígur	gig06	Gígur á dyngjuhvíflum, t.d. Skjaldbreið. [37]
Klepragígur	gig02	Lág eldstöð sem hlaðist hefur upp úr hraunslettum, er kastast hafa upp úr gosopi og límst saman þegar þær storkna. [3]
Gjallgígur	gig03	Eldstöð sem hlaðist hefur að mestu upp úr lausu hraungjalli. [3]
Gjóskugígur	gig04	Gígur sem myndast við sprengigos. Gígbarmar úr fíngerðu gosefni. [3]
Ker	gig05	Gígur sem myndast við kröftugt sprengigos. Gígbarmar eru lágir og samsettir úr bergbrotum. Oft er stöðuvatn í slíkum gígum. (e. maar) [37][8]
Gervígur	gig90	Gervígur myndast þegar bergkvika flæðir yfir votlendi, vötn eða árfarvegi. Kvikan tekur í sig vatn, sýður og tæstist í sundur og myndar gjall sem hleðst upp í hrauka. Gervígur hafa ekki gosrás eins og gígur, en eru með reglulega lögun. Yfirleitt myndast nokkrir gervígur saman á afmörkuðu svæði. [2][17]

Gígaröð	gigr	Röð gíga á gossprungu. Gerð og fjöldi gíga er mjög mismunandi. [37]
Askja (einnig undir jarðmLandmBerg)	eld08	Sigketill, stór u.þ.b. hringlaga lægð í miðju megineldstöðvar. Askja myndast í lok eldsumbrota þegar undirliggjandi kvikuþró tæmist og þak hennar fellur saman (e. caldera). [41]
Eldstöðvakerfi	keld	Sjálfstæð eining innan gosbeltis. Hvert eldstöðvakerfi hefur ákveðin bergfræðileg einkenni. Í flestum tilvikum myndast megineldstöð innan kerfisins þar sem virknin er mest. Sprungurein og gosrein eru oftast tengd eldstöðvakerfi. [4]
Megineldstöð	meld	Mjög stór eldstöð, oftast nálægt miðju eldstöðvakerfis, þar sem eldgos eru mun tíðari en í öðrum hlutum þess. Undir megineldstöðinni eru ein eða fleiri kvikuþrær og sigkatlar. Háhitavæði eru oftast í tengslum við megineldstöðvar. Ísúrt og súrt berg myndast einungis í megineldstöðvum. [4]
Gosrein	grein	Aflangur hluti eldstöðvakerfis utan megineldstöðvar sem einkennist af gossprungum. Gosefni að mestu basalt [41]
Sprungurein	rein	Aflangt kerfi sprungna og misgengja í eldstöðvakerfi. [41]

602 Berg og bergmyndanir

Nafn	<i>Berg og bergmyndanir</i>
Skilgreining	Berg er í öllum föstum jarðlögum og myndar berggrunn. Berg er samsett úr einni eða fleiri steindum eða öðru föstu efni, t.d. gleri eða lífrænu efni. Berg er mjög mismunandi að útliti og gerð. Berg er flokkað í storkuberg, myndbreytt berg og setberg. Storkuberg myndast við storknun á bráðinni kviku, myndbreytt berg myndast við ummyndun bergs og setberg myndast þegar set harðnar. [7]
Kóði	602

Nöfn fitjueiginda		
	Flokkun bergs	berg
	Jarðmyndun og landmótun úr bergi og lausum gosefnum	jarðmLandmBerg
	Kornastærð	kornastaerd
	Kristöllun bergs	bergXII
	Magn kísiloxíðs í storkubergi og lausum gosefnum	magnKisiloxids
	Segulstefna jarðlaga	segulstefnaJardlaga
	Tegund storkubergs	tegStorkubergs

Fitjueigind

Nafn	<i>Flokkun bergs</i>
Skilgreining	Berg er flokkað í storkuberg, myndbreytt berg og setberg. Storkuberg myndast við storknun á bráðinni kviku, myndbreytt berg myndast við ummyndun bergs og setberg myndast við hörðnun sets. [7]
Heiti	berg
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Storkuberg	storkb	Bergkvika er blanda af bráðnu bergi og gosgufum (gasi) sem ættuð er úr iðrum jarðar. Við storknun kvikunnar verður til storkuberg. Innri og ytri gerð storkubergs er mjög háð ýmsum aðstæðum við storknunina, einkum storknunarumhverfi. [2]
Gosberg	stork1	Finkorna, dilótt eða glerkennt berg sem myndast þegar bergkvika storknar á eða nálægt yfirborði jarðar. [8]
Gangberg	stork2	Bergkvika sem storknar neðanjarðar en þó ekki eins djúpt og djúpberg. [2]
Djúpberg	stork3	Bergkvika sem storknar djúpt í jörðu. [2]
Myndbreytt berg	myndb	Myndbreytt berg myndast djúpt í jörðu við mikinn þrýsting og hita þegar aðrar bergtegundir bráðna upp og umkristallast, myndbreyttast. Dæmi: Marmari, gneis og flöguberg. Myndbreytt berg finnst ekki í berggrunni Íslands. [8]
Setberg	setb	Með tíð og tíma þjappast setið vegna jarðlagafargs og límist eða rennur saman og myndar fast berg. [2]

Fitjueigind

Nafn	<i>Jarðmyndun og landmótun úr bergi og lausum gosefnum</i>
Skilgreining	Við jarðhræringar og eldvirkni verða til margskonar jarðmyndanir úr bergi og lausum gosefnum. Jarðmyndanirnar fara með tíð og tíma gegnum mismunandi ferli landmótunar. Þannig verða til margbreytileg landslagsfyrirbæri. [17]
Heiti	jarðmLandmBerg
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
Nafn	Kóði	Skilgreining
Eldfjall	eld	Við upphleðslu gosefna frá eldstöð verður til eldfjall. Eldfjöll eru mjög fjölbreytt að gerð sem ræðst m.a. af kvikugerð, lögun og stærð gosrásar og því hvar eldgos verður, það er á landi, undir vatni eða jökli.
Eldfjall úr gjalli	eld01	Eldstöð sem hlaðist hefur að mestu upp úr hraungjalli. [3]
Dyngja	eld02	Bungulaga, hallalítið og víðáttumikið eldfjall. Það verður til úr þunnfljótandi basaltkviku. [3]
Eldkeila	eld03	Strýtulaga eldfjall, með kringlótt gosop. Blönduð gos, þar sem upp koma allar gerðir gosbergs. Undir eldkeilum eru kvikuþrær. Á Íslandi eru fjórar virkar eldkeilur: Snæfellsjökull, Eyjafjallajökull, Öræfajökull og Tindfjallajökull. [2]
Eldhryggur	eld04	Ílangt, hryggulaga eldfjall með gossprungum eftir fjallshryggnum endilöngum. Fjallið hefur hlaðist upp úr hraunum og gjósku á víxl í mörgum eldgosum. [3]
Móbergsfjall	eld05	Móbergsfjall er samheiti fyrir móbergsstapa og móbergs-hryggi. Móbergsfjall hleðst upp við eldgos undir jökli eða í sjó. Neðst í móbergsfjöllum er oftast bólstraberg og þar ofaná leggst glerkennd gjóska sem ummyndast síðar yfir í móberg. Oft myndast hraun (topphraun) á toppi móbergsfjalla. [8][17]
Móbergsstapi	eld06	Móbergsfjall þar sem lengd er svipuð og breidd. Oftast eru dyngjuhraun á toppi móbergsstapa. [17]
Móberghryggur	eld07	Ílangt móbergsfjall sem myndast í sprungugosi undir jökli eða í sjó. Stundum myndast hraun á toppi hryggja. [8][17]
Askja (einnig undir gerðGosgiga)	eld08	Sigketill, stór u.þ.b. hringlaga lægð í miðju megineldstöðvar. Askja myndast í lok eldsumbrota þegar undirliggjandi kvikuþró tæmist og þak hennar fellur saman (e. caldera). [41]
Eldborg	gig01	Hringlaga klepragígur með bratta gígveggi að utan og innan. [3]
Hraun	hra	Þegar bergkvika storknar á yfirborði jarðar verða til hraun. Gerð þeirra ræðst meðal annars af seigju kvikunnar, kvikurennisli og aðstæðum við storknun. [7]
Helluhraun	hra01	Slétt hraun með yfirborð úr fastri klöpp, eilítið gárað og alsett hraunreipum. Bergkvikan sem myndar helluhraun er yfirleitt þunnfljótandi basalt. (e. pahoehoe) [2]
Dyngjuhraun	hra02	Slétt hraun sem renna frá dyngjum (e. shield lava) . [39]
Kleprahraun	hra03	Myndast þegar kleprar í eldgosi sameinast og fara að renna sem hraun (e. rheomorphic lava). [37][39]
Flóðhraun	hra04	Flæðihraun. Mikil hraun sem myndast í sprungugosi og renna langar leiðir frá upptökum sínum. (e. flood basalt) [37][39]
Apalhraun	hra05	Úfið hraun með gjallkennt yfirborðið (e: aa) . Bergkvikan sem myndar apalhraun er yfirleitt seigfljótandi basalt, andesít (ísúrt) eða rhyólít (súrt). [2]
Blokkhraun	hra06	Klumpahraun (e. block lava) . Hraunið einkennist af hraunbrotum eða -blokkum á yfirborði og við hraunjaðar. Slík hraun eru mynduð úr seigfljótandi, aðallega ísúrri eða súrri, bergkviku. [37][39]
Hrafntinnuhraun	hra07	Yfirleitt mjög þykk og úfin hraun úr rhyólíti eða dasíti. Hrafntinnuhraun eru mynduð úr seigfljótandi bergkviku sem, vegna seigju, rennur skammt frá eldstöðinni. (e. coulee) [37][39]
Topphraun	hra08	Hraun eða hraunstafla efst á móbergsstapa eða -hryggjum. [1]
Hraungúll	hra09	Seigfljótandi súr bergkvika sem hrúgast upp í kringum gosrás. [2]
Stuðlaberg	hra10	Eftir storknun kvikunnar dregst bergið smám saman við

		kólnun og klofnar í stuðla sem oft eru sexstrendir. Stuðlar standa ávallt hornréttir á kólnunarflötinn og því standa þeir lóðréttir í hraunlögum og innskotslögum, en láréttir í berggöngum. [2]
Kubbaberg	hra11	Smástuðlað berg þar sem stuðlarnir mynda oftast geisla út frá sameiginlegri miðju en geta einnig verið óreglulegir. [32]
Bólstraberg	hra12	Bergkvika sem rennur í vatni undir þrýstingi myndar pylsu eða koddalaga bólstra áður en hún kólnar. Bólstrar eru alltaf glerjaðir á jöðrum, stuðlaðir og oft blöðróttir vegna snöggrar kælingar. [2][8]
Móberg	mob	Móberg myndast við ummyndun gjósku sem verður til við gos undir jökli eða vatni. Uppistaða gjóskunnar er berggler sem myndast þegar kvikan snöggkólnar í vatni. Þetta glerbrotaberg ummyndast yfir í móberg. [1]
Túff	tuff	Móberg sem er fin- til grófkorna og oft lagskipt. (e. hyaloclastite) [1]
Pursaberg	thb	Móberg sem inniheldur mikið af bergbrotum af ólíkri stærð og lögun. [32] Pursaberg getur einnig átt við setberg myndað við skriðuföll. [2]
Hraunmyndun	hram	Aðrar hraunmyndanir. [17]
Hraunhellir	hellir	Hellar undir yfirborði hrauna eru yfirleitt fornar rásir eða farvegir bergkviku sem náðu að tæmast áður en kvikan storknaði í þeim. [17].
Hrauntröð	hram02	Vel afmarkaður farvegur kviku frá eldstöð niður á flatlendi. Barmar hrauntraðarinnar standa eftir ef farvegurinn nær að tæmast áður en bergkvikan storknar í honum. [17]
Hrauntjörn	hram03	Afmörkuð lægð sem bergkvika hefur runnið í og myndað kvikutjörn. Barmar tjarnarinnar standa eftir ef tjörnin nær að tæmast áður en kvikan storknar við botn. [36]
Hraundryli	hram04	Hraundryli kallast litlar og brattar strýtur úr kleprum sem finnast oft á yfirborði hrauna. Þær myndast við uppstreymisop á þekju hrauna þar sem lofttegundir streyma upp, brenna og rífa með sér hraunslettur. [8]
Innskot	inn	Bergkvika sem storknar neðanjarðar myndar innskot. Innskot sjást því aðeins á yfirborði jarðar að rof hafi náð að má þau jarðlög burt sem yfir lágu. Innskot eru greind í nokkra flokka eftir stærð og lögun. [1]
Berghleifur	inn01	Berghleifar eru stærstir innskota og standa rætur þeirra svo djúpt að hvergi sér á undirlagið. [2]
Bergeitill	inn02	Mun minni en berghleifar og liggja ofarlega í jarðskorpunni. Þeir hafa skotist inn í jarðlög ofarlega í skorpunni og hveft upp lögin sem ofan á lágu. [2]
Innskot, laggangur	inn03	Þegar kvika smýgur á milli jarðlaga. Misþykk og yfirleitt reglulega stuðluð. [2]
Berggangur	inn04	Þunn berglög sem hafa storknað í sprungum. Standa hornrétt á aðliggjandi berglög og eru oft vel stuðlaðir. [2]
Keilugangur	inn05	Hringlaga gangar sem halla frá öllum áttum inn að kvikuþró undir eldstöð. Bergkvikan hefur fyllt í sprungur sem myndast vegna þrýstings í kvikuþrónni. [6]
Bergstandur	inn06	Gígtappi. Gosrásarfylling úr gosbergi sem stendur eftir þegar eldfjöll mást. [2]
Bergæð	inn07	Þunn innskotslög eða ívaf sem kvíslast og fléttast óreglulega um eldra berg og þá oft út frá stærri innskotum. [2]
Setberg	setb	Með tíma þjappast setið vegna jarðlagafargs og límist eða rennur saman og myndar fast berg. [2]
Flikruberg	xb	Flikruberg er sambrædd gjóska með aflöngum teygðum vikurflygsum. Það myndast þegar gjóskuhaup eða eldský stöðvast. [11]
Pursaberg	thb	Skriður í fjallshlíðum mynda pursaberg. Líkist jökulbergi

		en er frábrugðið í því að grjót og hnullungar eru ónúnir og kantaðir. [2]
Jökulberg	job	Harðnaður jökulruðningur. [2]
Strandrof	Cr Vr	Rof á strönd sjávar (Cr) eða stöðuvatns (Vr), sem verður vegna öldugangs og sjávarstrauma. [3]
Brimklif	cr01	Bratt eða þverhnipt stál sem brimöldur hafa myndað. [2]
Brimþrep	cr02	þrep eða stallur fyrir neðan brimklif. [2]
Brimstallar	cr03	Þar sem brim hefur rofið stall í fast berg. [2]
Vatnsrof	Ar Gr	Landmótun straumvatna. Rofmáttur straumvatna er mjög háður straumhraða þar sem burðargeta vatns vex hratt með straumhraða [19] Vatnsrof getur bæði átt við árfrof (Ar) og jökulárfrof (Gr)
Farvegur	farv	Rás í landi sem straumvatn rennur eftir. Í botni farvegar er venjulega árset. [3]
Gljúfur	gljuf	Gjá í hörðu eða föstu bergi venjulega mynduð við árfrof. Langur, djúpur dalur með bröttum hliðum milli hárra og þverhnipttra hamra. [11]
Skessuketill	ar03 gr03	Í ám og lækjum sem renna á ósléttum botni myndast oft hringiður. Í þeim snýst mól og grjót á árbotninum og sverfur þar hringlaga veggbrattar holur í berggrunninn. [2]
Hellir	hellir	Hellir, skúti í móbergi eða setbergi sem straumvatn hefur sorfið. [17]
Jökulrof	Jr	Jöklar flytja með sér bergmylsnu sem til fellur og nota hana sem graftól. Einkum er það bergmylsna sem föst eru í botni og jöðrum jökulsins sem rýfur og sverfur berggrunninn. [2]
Jökulrák	jr01	Jökulrákir eru breytilegar að grófleika og lengd en stefna þeirra gefur til kynna skriðstefnu jökuls sem fór yfir svæðið. [2]
Jökulgróp	jr02	Djúp og víð jökulgróp, venjulega með beina stefnu. Er stærrí og dýpri heldur en jökulrákir og getur verið allt frá djúpri gróp í klöpp til jökulsorfins dals. [11]
Hóffar	jr03	Bogalaga jökulgróp sem snýr íbjúgu hliðinni í skriðstefnu jökuls (e: lunate fracture). [11]
Hvalbak	jr04	Jökulsorfnir, rákaðir klapparhólar, með slétta og aflíðandi hlið, slithlið, sem vísar móti skriðstefnu jökuls. Bratta hliðin sem vísar undan straumi, varhliðin, er hins vegar stöllótt og brött. [2]
Hvilft	jr05	Jökulskál, íbjúgt hangandi dalverpi upp í fjallshlið. Myndað við jökulrof og er brún hvilftarinnar álitin marka hæð (þykkt) meginjökuls ísaldar. [11]
Jaðarrás	jr06	Þegar leysingavatn rennur milli jökuljaðars og hliðar er rof máttur þess stundum það mikill að það grefur sér farveg í hliðina. [2]

Fitjueigind

Nafn	Kornastærð
Skilgreining	Flokkun á lausu seti og setbergi eftir kornastærð. [7] Þegar um er að ræða blandaða kornastærð má setja saman viðeigandi kóða fyrir ríkjandi kornastærðir, t.d. fær sendin mól kóðann gs og móluríkur sandur kóðann sm.
Heiti	kornastaerd
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
Nafn	Kóði	Skilgreining
Hnullungar, stórgryti, hnullungaberg	h	Kornastærð > 256 mm.
Steinar, steinótt völuvegur	v	Kornastærð 64–256 mm.
Möl, völuvegur	g	Kornastærð 2–64 mm.

Sandur, sandsteinn	s	Kornastærð 0,063–2 mm.
Silt, méla, siltsteinn	m	Kornastærð 0,004–0,063 mm.
Leir, leirsteinn	l	Kornastærð < 0,004 mm.

Fitjueigind

Nafn	<i>Kristöllun bergs</i>
Skilgreining	Stærð kristalla eða korna í bergi. [1]
Heiti	bergXII
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Glerkennt berg	xlgler	Berg sem að verulegu leyti er úr berggleri vegna hraðrar kólnunar. [17]
Dulkorna berg	xldul	Berg með smáum kristöllum sem sjást ekki með berum augum, minni en 0,02 mm. [3]
Finkorna berg	xlfin	Berg með fíngerðum kristöllum sem sjást yfirleitt með berum augum, innan við 1 mm að stærð. [3][5]
Meðalkorna berg	xlmed	Berg með kristöllum sem eru yfirleitt 1 til 3 mm að stærð. [3]
Grófkorna berg	xlgrof	Berg með kristöllum sem flestir eru stærri en 3 mm að stærð. [3][5]
Dílótt berg	xldil	Berg sem í eru dílar á við og dreif.

Fitjueigind

Nafn	<i>Magn kísíloxíðs í storkubergi og lausum gosefnum</i>
Skilgreining	Flokkun storkubergs og lausra gosefna byggir að mestu á kísíloxíðmagni (SiO ₂) og storknunarumhverfi. [2]
Heiti	magnKisiloxids
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Súrt berg	sur	Kísíloxíð > 63% SiO ₂ miðað við þyngd.
Ísúrt berg	isur	Kísíloxíð 52%-63% SiO ₂ miðað við þyngd.
Basískt berg	bas	Kísíloxíð 45%-52% SiO ₂ miðað við þyngd.
Útbasískt berg	ubas	Kísíloxíð < 45% SiO ₂ miðað við þyngd
Basískt og ísúrt berg	basisur	Þegar ekki er gerður greinamunur á hvort bergið sé basískt eða ísúrt.

Fitjueigind

Nafn	<i>Segulstefna jarðlaga</i>
Skilgreining	Segulsvið jarðar er breytilegt og hafa mismunandi segulskleið verið ákvörðuð út frá segulstefnu í bergi. [17]
Heiti	segulstefnaJarðlaga
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Rétt segulmagnað	N	Segulstefna svipuð núverandi stefnu.
Öfugt segulmagnað	R	Segulstefna þverfug við núverandi stefnu.
Óviss segulmagnun	A	Segulstefna óviss.

Fitjueigind

Nafn	Tegund storkubergs
Skilgreining	Berg er greint í tegundir eftir steindum og efnasamsetningu. [5]
Heiti	tegStorkubergs
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Gabbró	gab	Basískt djúpberg, grófkorna, að mestu úr frekar Ca-ríku plagióklasi og pýroxeni. [5]
Dólerít	dol	Diabas. Basískt gangberg, fínkorna eða meðalkorna, að mestu úr frekar Ca-ríku plagióklasi og pýroxeni. [5]
Díórít	dio	Ísúrt djúpberg, grófkorna, að mestu úr frekar Na-ríku plagióklasi og dökkum steindum. [5]
Granít	gra	Súrt djúpberg, grófkorna, að mestu úr kvasi, kalífeldspati og Na-ríku plagióklasi. [5]
Granófyr	gfy	Mikrógranít. Súrt gangberg, fínkorna eða meðalkorna, að mestu úr kvasi, kalífeldspati og Na-ríku plagióklasi. [5]
Anortósít	ano	Djúpberg. Að mestu úr plagióklasi. [5]
Basalt	bas	Basískt gosberg, dulkorna eða fínkorna, kísiloxíð 45–52% af þyngd. [5]
Basaltískt íslandít	bis	Ísúrt gosberg, dulkorna eða fínkorna, kísiloxíð 52–57% af þyngd. [5]
Íslandít	isl	Ísúrt gosberg, dulkorna eða fínkorna, kísiloxíð 57–63% af þyngd. [5]
Dasít	das	Súrt gosberg, dulkorna eða fínkorna, kísiloxíð 63% til 70% af þyngd. [5]
Rhýólít	rhy	Líparít. Súrt gosberg, dulkorna eða fínkorna, kísiloxíð um eða yfir 70% af þyngd. [5]
Hawaiít	haw	Basískt gosberg, dulkorna eða fínkorna, alkalískt. Samanlagt alkalíoxíð meira en 5% af þyngd. [5]
Mugearít	mug	Ísúrt gosberg, dulkorna eða fínkorna, alkalískt.[5]
Benmoreít	ben	Ísúrt gosberg, dulkorna eða fínkorna, alkalískt. Inniheldur meira af kísiloxíði og alkalíoxíðum en Mugearít. [5]
Trakýt	tra	Súrt gosberg, dulkorna eða fínkorna, alkalískt. [5]
Píkrít	pik	Útbasískt gosberg. Ólivíndílótt. [5]
Ankaramít	ank	Útbasískt gosberg. Pýroxen- og ólivíndílótt. [5]
Ólivín póleiít	olt	Basalt í póleiísku berggröðinni, ólivínríkt.[5]
Þóleiít	tho	Basalt í póleiísku berggröðinni, ekki ólivínríkt.[5]
Alkalí basalt	alb	Basalt í alkalísku berggröðinni. [5]
Millibasalt	mib	Basalt í millibergröðinni. [5]
Móberg	mob	Móberg myndast við ummyndun gjósku sem verður til við gos undir jökli eða vatni. Uppistaða gjóskunnar er berggler sem myndast þegar kvikan snöggkólnar í vatni. Þetta glerbrotaberg ummyndast yfir í móberg. (e. hyaloclastite) [1]

603 Set og setmyndanir

Nafn	Set og setmyndanir
Skilgreining	Set er í öllum lausum jarðlögum og myndar jarðgrunn. Set myndast þegar fast berg og lífræn efni brotna niður vegna veðrunar eða rofs og flytjast burt frá sínum upprunalega myndunarstað með vindi, vatni eða jökli. Set er mjög mismunandi að útliti og gerð sem ræðst af uppruna setsins, flutningshætti og setmyndunarumhverfi. Gjóska er flokkuð með seti þar sem hún getur borist langar leiðir frá eldstöðinni. [7][38]
Kóði	603

Fitjueigindir		
	Jarðmyndun og landmótun lausra jarðefna	jarðmLandmJardefna
	Kornastærð (sjá 602)	kornastaerd
	Magn kísiloxíðs í storkubergi og lausum gosefnum (sjá 602)	magnKisiloxids
	Segulstefna jarðlaga (sjá 602)	segulstefnaJarðlaga
	Setgerð	setgerd

Fitjueigind

Nafn	Jarðmyndun og landmótun lausra jarðefna
Skilgreining	Landslagsform sem myndast úr lausum jarðefnum við mismunandi umhverfisaðstæður. [17]
Heiti	jarðmLandmJardefna
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar	Nafn	Kóði	Skilgreining
Gjósuketmyndun		Xm	
	Gjósuhlaupaset	xm01	Gjósuhlaupaset getur verið mjög þykkt og þakið stór svæði nálægt eldstöð. Það myndast við að hluti gosmakkar í eldgosi fellur saman og flæðir eftir yfirborði jarðar (e. pyroclastic flow s). [39]
	Gusthlaupaset	xm02	Gusthlaupaset er yfirleitt í þunnum lögum en getur haft mikla útbreiðslu (e. pyroclastic surge). Það myndast í sprengigosum og er algengt nálægt gígum og getur þar myndað þykkar lagsyrpur. [39]
	Gjóskulög	xm03	Gjóska sem fellur til jarðar við eldgos varðveitist sem gjóskulag í jarðvegi. Gjóskulög eru mjög mismunandi að gerð og þykkt sem ræðst af uppruna kviku, eldvirkni og fjarlægð frá eldstöð. Þau gefa mikilvægar upplýsingar um eldvirkni fyrri tíma og eru bæði notuð til aldursákvarðana og jarðlagatenginga. [17]
Sjávarsetmyndun		Hm	Set sem myndast á sjávarbotni. [3]
	Landgrunnssset	hm01	Set á landgrunni, sem nær frá fjöru út á landgrunnbrún. Landgrunnssset er að mestu úr landrænu setefni, en er víða blandað lífrænu efni úr sjónum, svo sem leifum af skeljum og kuðungum. [3]
	Djúpsjávarset	hm01	Djúpsjávarset myndað á sjávarbotni frá landgrunnbrún niður á mesta sjávardýpi. Það er er misjafnt að gerð eftir uppruna og myndunarstað. [3]
Strandmyndun sjávar og stöðuvatns		Cm Vcm	Jarðmyndun við strönd sjávar (Cm) eða stöðuvatns (Vcm) vegna setburðar frá landi eða sjó. [17]
	Forn strandlína sjávar	cm01	Ummerki eftir forna sjávarstöðu. [17]
	Forn strandlína stöðuvatns, lóns	vcm01	Ummerki eftir fornt yfirborð stöðuvatns eða lóns. [17]

Marbakki	cm02	Setlagabakki framan við strönd. Hann teygist út í vatnið frá fjöru eða brimprepi. Setefnið berst að marbakka frá fjörunni, þegar öldugangur er eða með strandburði. Setið er venjulega skálagað. [3]
Hjalli	hjalli	Strandhjalli, malarhjalli, árhjalli. Preplaga stallur í hallandi landi. Setið er að uppruna fornar óseyrar og myndað þegar sjávarstaða var hærri í isaldarlok eða í jökulstífluðu löni. [3] Árhjalli verður til við það að á grefur sér farveg í seti er hún hefur áður myndað með framburði sínum. [3]
Kambur	cm03	Fjörुकambur, malarkambur. Efri hluti fjöru, þangað sem öldur ná venjulega ekki. [11]
Strandrif	rif	Rif úr sandi og mól sem hleðst upp þvert fyrir flóa, fjörð eða ármynni, svo að strandlón verður fyrir innan. Rifið myndar nýja strönd með fjöru og fjörukambi, sem brim hleður upp. [3]
Eiði, grandí	eidi	Rif eða landræma sem tengir eyju við land eða tvær eyjar saman og er venjulega úr sandi og mól, myndað við strandburð. Grandí hefur svipaða merkingu og eiði. [3]
Eyri	eyri	Oddi, tangi. Lítið og lágt nes sem gengur út í sjó eða stöðuvatn. Það er venjulega myndað úr mól og sandi við strandburð. [3]
Óseyri, áros	aros	Þegar straumvatn rennur í stöðuvatn eða sjó minnkar snögglega straumhraði og aurburður árinna. Setgerð óseyrar er á mörkum árssets og sjávarsets eða stöðuvatnssets. Algengt er að hluti óseyrar standi upp úr vatninu og kallast óshólmi. [3]
Leirur	leirur	Leirborið svæði sem vatn eða sjór flýtur yfir annað veifið. [12]
Strandrof	Cr Vr	Rof á strönd sjávar (Cr) eða stöðuvatns (Vr), sem verður einkum af völdum öldugangs og sjávarstrauma. [3]
Ár- og jökulársetmyndun	Am Gm	Jarðmyndun eftir setburð straumvatns. Ársetmyndun (Am) og jökulársetmyndun (Gm)
Aurar, áreyrar, jökuláreyrar	aurar	Hallalítil og tiltölulega slétt sand- og malarsvæði úr árseti. Oftast rennur straumvatn í farvegi(-um) eftir aurunum og í vatnavöxtum getur flætt yfir svæðið. Áreyrar geta verið þurrar eða blautar. [17][3]
Árslétta	am03	Flatlent landsvæði þar sem mikill framburður straumvatna, yfirleitt fínkorna set, hefur fyllt upp og jafnað út svæði meðfram árfarveginum t.d. í vatnavöxtum eða flóðum. [3]
Aurkeila	am05	Keilulaga dyngja af auri sem sest fyrir úr straumvatni, einkum framan við gilkjáft, þar sem dregur úr straumhraða vatnsins. Grófari hluti framburðarefnisins situr þar eftir. [3]
Malarás	gm01	Ofaná og undir jökli berst framburður með leysingarvatni eftir rásum og myndar malarása. Þegar jöklar bráðna verða eftir langir og bugðóttir sand- og malarhryggir. [2]
Melar(-ur)	melar	Svæði sem er að mestu slétt, með sand- og siltbornum jarðvegi, en á yfirborði þakið þunnu lagi úr mól og steinum, nægilega þéttu til þess að hefta sandfok. Melur er að uppruna jökulset eða árset. [3]
Sandar(-ur)	sandar	Stór hallalítil slétta þakin framburði jökuláa, eða jökulhlaupa. Sandar eru í raun að stórum hluta margar árreyrar tengdar saman. [13]
Leirur	leirur	Leirborið svæði sem vatn flýtur yfir annað veifið. [12]
Vatnasetmyndun	Vm	Set sem myndast á botni stöðuvatns eða löns. [3]
Hvarfleir	vm01	Set sem sest til úr gruggi jökuláa í kyrru vatni, jökullóni eða sjó. Lagskipting er mjög greinileg og regluleg, enda

		er gruggið sem berst með árvatninu á sumrin grófara í korninu en vetrargruggið. Í setinu skiptast því á þykk, grófgerð sumarlög og þunn, fingerð vetrarlög. [2]
Vatnsrof	Ar Gr	Landmótun straumvatna. Rofmáttur straumvatna er mjög háður straumhraða þar sem burðargeta vatns vex hratt með straumhraða. [19] Vatnsrof getur bæði átt við árrof (Ar) og jökulárrof (Gr)
Farvegur	farv	Rás í landi sem straumvatn rennur eftir. Í botni farvegar er venjulega árset. [3]
Gljúfur	gljuf	Gjá í hörðu eða föstu bergi venjulega mynduð við árrof. Langur, djúpur dalur með bröttum hliðum milli hárra og þverhníptrá hamra. [11]
Skessuketill	ar03 gr03	Í ám og lækjum sem renna á ósléttum botni myndast oft hringiður. Í þeim snýst mól og grjót á árbotninum og sverfur þar hringlaga veggbrattar holur í berggrunninn. [2]
Vatnsrásir	ar04	Þar sem vatn hefur sært gróðurþekju og tekið til við að rjúfa jarðveginn undir. Leysingavatn myndar flestar vatnsrásir í jarðvegi. [13]
Hellir	hellir	Hellir, skúti í móbergi eða setbergi sem straumvatn hefur sorfið. [17]
Jökulsetmyndun	Jm	Jarðmyndun úr jökulseti sem myndast við mismunandi aðstæður fyrir framan jökul, á eða undir jökli. [17]
Jökulgarður	jm01	Jökulgarður kýtist upp eða hleðst upp fyrir framan skriðjökul og myndar bogadreginn hrygg sem liggur þvert á skriðstefnu jökuls. [2][13]
Jökulkemba	jm02	Straumurð, rákuð urð eða jökulurð með greinilegum rákum eða rásam. [11]
Jökulalda	jm03	Ílangur og ávalur jökulruðningur sem myndast undir skriðjökuljaðri og hin aflanga lögun bendir í skriðjökulstefnu (e: drumlin). [11]
Botnurð	jm04	Jökulurð sem sest undir skriðjökli. Hún liggur eftir á yfirborði lands, þegar jökullinn hopar eða hverfur. [3]
Drymilurð	jm05	Ávalur hæðarhryggur er verður til sem botnurð undir skriðjökli og er að jafnaði úr jökulruðningi. Langás hryggjarins hefur sömu stefnu og jökulskriðið. [3]
Jaðarurð	jm06	Bergmylsna sem fellur á skriðjökul úr fjallshliðum og berst fram að jökuljaðrinum. [2]
Urðarrani	jm07	Rönd, þar sem jaðarurðir sameinast ofan á skriðjökli. [2]
Jökulrof	Jr	Jöklar flytja með sér bergmylsnu sem til fellur og nota hana sem graftól. Einkum er það bergmylsna sem föst er í botni og jöðrum jökulsins sem rýfur og sverfur berggrunninn. [2]
Jökulrák	jr01	Jökulrákir eru breytilegar að grófleika og lengd en stefna þeirra gefur til kynna skriðstefnu þess jökuls sem síðast fór yfir svæðið. [2]
Jökulgróp	jr02	Djúp og víð jökulgróp, venjulega með beina stefnu. Er stærri og dýpri en jökulrákir og getur verið allt frá djúpri gróp í klöpp til jökulsorfins dals. [11]
Hóffar	jr03	Bogalaga jökulgróp sem snýr íþjugu hliðinni í skriðstefnu jökuls (e: lunate fracture). [11]
Hvalbak	jr04	Jökulsorfnir, rákaðir klapparhólar, með slétta og aflíðandi hlið, slithlið, sem vísar móti skriðstefnu jökuls. Bratta hliðin sem vísar undan straumi, varhliðin, er hins vegar stöllótt og brött. [2]
Hvilft	jr05	Jökulskál, íþjúgt hangandi dalverpi upp í fjallshlið. Myndað við jökulrof og er brún hvilftarinnar álitin marka hæð (þykkt) meginjökuls ísaldar. [11]
Jaðarrás	jr06	Þegar leysingavatn rennur milli jökuljaðars og hliðar og rofmáttur þess er það mikill að það grefur sér farveg í hliðina. [2]

Jarðvegsmyndun	Rm	Myndun úr jarðvegi. [17]
Moldir	rm01	Óskilgreind jarðvegsefni. [12]
Urðir	rm02	Stórgrýtt landsvæði. [12]
Jarðvegsrof	Rr	Rof á jarðvegi og gróðurþekju.
Rofabörð	rr01	Einangraðar jarðvegseifar; smáeyjur með sýnishornum af fyrra gróðurlendi. [13]
Áfoksgeirar	rr02	Þar færast foksandur inn á gróðurlendi og kæfir gróður og sverfur jarðveg. [13]
Rofdílar	rr03	Þar sem gróðurþekja hefur rofnað á blettum svo sér í óvarinn jarðveg. Stækkandi rofdílar valda myndun rofabarða. [13]
Jarðsíl	rr04	Þegar jarðvegur er blautur eða jörð er að þiðna, mjakast hann mjög hægt (nokkra mm á ári), en stöðugt, niður brekku. [3]
Jarðvegsrásir	rr05	Þurrar vatnsrásir. [17]
Jarðskriðssár	rr06	Hægar hreyfingar jarðvegs undan halla geta rofið jarðvegsþekjuna og hleypt roðflum að jarðveginum. [13]
Fokmyndun	Fm	Myndun gerð úr fokseti. [17]
Sandhóll	fm01	Sandhólar hlaðast upp í skafla þar sem vindur mætir hindrun og þegar vindhraði minnkar. Kambar sandhóla eru venjulega þvert á vindáttina og skefur sandinn af þeim áveðurs en dyngist niður hlémegin. Skafllarnir færast því smám saman til. [2]
Sandalda	fm02	Sigðalda. Einangruð, hálfmáanalaga sandalda sem er á hreyfingu. Öldurnar liggja þvert á ríkjandi vindátt. [11]
Vindrof	Vr	Rof sem verður þegar vindur feykir bergmylsnu og flytur til. [2]
Veðrun	vr01	Veðrun er sá hluti rofs sem fer fram í jarðlögum án þess að svörfun eða flutningur efnis komi þar við sögu. Niðurbrot efnis á staðnum [13]
Frostverkun	fro	Áhrif frosts á jarðveg og myndanir sem verða til vegna þess. [1]
Holklaki	fro01	Á vetrum frýs jarðvegur smám saman og í honum myndast klaki. Jarðvegurinn lyftist vegna rúmmálsaukningar vatnsins þegar það frýs og myndar holklaka. [2]
Melatíglar, melarendur	fro02	Melatíglar afmarkast af steinröndum sem myndast við frostþenslu eða skriða í elgnum í fyrstu þiðum á gróðurvana melum. Melarendur myndast eins og melatíglar en í meiri halla þannig að það tognar úr tíglunum vegna jarðskriðs. [2]
Þúfur	fro03	Frostþensla í jarðvegi veldur þrýstingi til hliðanna. Við þetta hvelfist jarðvegurinn upp svo að yfirborðið verður smábungótt og myndar þúfur í graslendi. [2]
Frostsprungur	fro04	Í langvarandi frostum fer ísinn að hegða sér eins og önnur föst efni. Við þetta rifnar jarðvegurinn og frostsprungur myndast. [2]
Rústir	fro05	Rústir myndast þar sem sífreri er í jörðu og eru svæðin oftast votlend. Rústir eru lágir, bunguvaxnir hólar um 1-2 metrar á hæð og allt upp í 15 metrar í þvermál. [2]
Óflokkað	999	

Fitjueigind

Nafn	Setgerð
Skilgreining	Gerð lausra jarðefna er flokkað hér eftir setmyndunarmhverfi þar sem samhengi er á milli kornastærðar og umhverfis. [17][38]
Heiti	setgerð
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Gjósuket	X	Gjóska er safnheiti yfir laus gosefni sem þeytast upp í loft við eldgos og falla til jarðar. Kvika sem myndar gjósku getur verið súr, ísúr eða basísk. [13]
Kleprar	x01	Kleprar hafa óreglulega lögun og stærð. Þeir myndast þegar kvikuslettur kastast upp úr gosopi og ná að límast saman áður en þær storkna. [3]
Gjall	x02	Gjall er yfirleitt mjög blöðrótt og glerjótt. [2] Gjall er um 4-32 mm að stærð. [11]
Hraunkúla, hnyðlingur	x03	Hraunkúlur eru ávallt með glerjuðu yfirborði en blöðrottar að innan og oft mótar fyrir stuðlun út frá miðju. Hraunkúlur eða bombur myndast þegar kvikuflygsur þeytast hátt í loft upp og snúast jafnframt um sjálfa sig þannig að þær verða kúlulaga. Á fluginu storknar yfirborð þeirra en kjarninn helst oft bráðinn uns þær lenda og fletjast út eða splundrast. [8] Hnyðlingar myndast á sama hátt en hafa kjarna með framandbergi sem hefur brotnað úr veggjum gosrásar djúpt í jörðu og því ólíkt gosberginu sem það finnst í. [2]
Vikur	x04	Vikur er léttur og frauðkenndur. [2]
Gosaska	x05	Aska er mjög smágerð, um 1 mm í þvermál, og glerkennandi en gjallið því hún kólnar hraðar. Gosaska getur borist marga kílómetra frá eldstöðinni. [2]
Gosryk	x06	Fingerðasta gosefnið og getur haldist lengi á lofti og borist víða með vindum. [2]
Hraunljújur	x07	Nornahár. Þegar gasbólur í þunnfljótandi basískri kviku springa mynda þær slettur sem teygjast í langa örmjóa glerþræði. Á endum háranna hanga stundum dropalaga perlur sem kallast nornatár. [8]
Sjávarset	H	Set sem myndast á sjávarbotni. Uppruni sjávarsets getur verið efnaset, lífrænt set og bergmolsset. Kornastærð breytileg frá leir upp í sand og verður fínkornaðra með auknu sjávardýpi. Lagskipting oft ógreinileg vegna lífvera sem grafa sig ofan í, eða róta upp botnsjávarseti. [3]
Strandset	C	Setmyndun á svæði sem liggur að sjó eða stóru stöðuvatni. Strönd hefst við neðri fjörumörk en það fer eftir landslagi hversu langt upp í land hún nær. Strandset myndast í orkuríku umhverfi sem einkennist af öldugangi og straumum. Kornastærð þess er mjög breytileg, en sandur er algengasta strandsetið. Lagskipting er oftast greinileg og setið vel aðgreint. [3]
Árset	A	Framburður straumvatna er oftast mól, sandur og silt. Árset er grófkorna þar sem rofmáttur straumvatns er mikill en fínkorna þar sem áin er lygnari. Árset er oftast lagskipt, víxl- eða skálaga. [3]
Vatnaset	V	Set sem sest til á botni stöðuvatns eða lóns er oftast flutt þangað með straumvötnum. Fínsandur, silt og leir eru algengustu kornastærðir í vatnaseti og verður setið fingerðara eftir því sem fjær dregur ströndu. Lagskipting greinileg. [17]
Jökulárset	G	Framburður jökuláa er háð leysingavatni jökuls og því eru þær vatnsmeiri að sumri en vetri. Jökulárset einkennist af jökulaur sem samanstendur af fínsandi, silti og leir. Fingerðasta jökulársetið getur borist langar leiðir frá upptökum sínum. Nær jökli einkennist jökulárset af steinum, mól og sandi. Lagskipting greinileg. [2][17]
Jökulset	J	Jökulset er myndað við rof jökuls á undirliggjandi berggrunni. Jökulurð er grófkorna með mikla kornastærðardreifingu, frá leir og upp í grettistöð. Lítil sem engin

			lagskipting. [17]
	Jökulruðningur	j01	Jökulurð sem jöklar skilja eftir þegar þeir bráðna og hörfa. Jökulruðningur einkennist á mikilli komastærðadreifingu, allt frá leir og upp í jökulrispuð grettistök. Lítil sem engin lagskipting. [2]
	Grettistak	j02	Aðkomusteinn. Stór steinn sem jökull, jökulá eða ísjaki hefur flutt þangað sem hann er. Venjulega er hann stakur og oft af annarri gerð en bergið umhverfis. [3]
Skriðuset		K	Set sem myndast neðan við eða neðst í brekku við jarðefnaskrið. Skriðuset hefur mikla komastærðadreifingu en er frábrugðið jökulruðningi að því leyti að grjót og hnúllungar eru ónúnir og með hvössum brúnum. [2][3]

Fokset		F	Set sem myndast við veðrun, svörfun og berst með vindi þangað sem það sest til. Fokset er oftast fínkorna sandur eða silt og lagskipting algeng. [3]
Jarðvegur		R	Rannsóknarstofnun landbúnaðarins hefur í samstarfi við aðrar stofnanir þróað flokkunarkerfi fyrir íslenskan jarðveg sem byggir á tveimur mótandi þáttum: lífrænu innihaldi og hversu blautur jarðvegurinn er. [9]
	Mójörð	rh	Mójörð er hinn eiginlegi lífræni votlendisjarðvegur (> 20% C), þekur aðeins um 1% landsins (e: histosol).
	Sortujörð, eldfjallajörð	rha	Sortujörð myndast fyrst og fremst þar sem gjóska er meðal móðurefna og því algengust á virkum eldfjallasvæðum. Einkenni sortujarðar er að binda lífræn efni sem veldur því að hún er lífrænni en annar jarðvegur (12-20% C) að mójörð undanskilinni. (e: andosol).
	Votjörð	rwa	Votjörð myndast í votlendi þar sem áfok er nokkuð mikið og sem lækkar hlutfall lífrænna efna (< 12% C og hækkar pH) en einnig fjær áfoki þar sem bleytu gætir minna. (e: hydric andosol).
	Brúnjörð	rba	Brúnjörð myndast á þurrlandi og er algengust þar sem áfok er hlutfallslega mikið á gosbeltinu og grunnvatnsstaða lág. Hún inniheldur lítið af lífrænum efnum (< 12% C). (e: haplic/mollic andosol)
	Glerjörð	rv	Glerjörð er jarðvegur auðnanna. Í slíkum jarðvegi er lítið af lífrænum efnum (< 1,5% C) og yfirleitt lítið af leirsteindum (e: vitrisol).
	Bergjörð	rl	Bergjörð er mjög þunnur eða mjög grýttur jarðvegur í hraunum, urðarskriðum og víðar, þar sem fín jarðvegsefni eru af skornum skammti. (e: leptosol).
	Frerajörð	rc	Frerajörð, þar sem sífreri er í jörðu (e: cryosol) .

Efnahvarfaset		E	Útfelling. Verður til við útfellingu uppleystra efna í sjó, vötnum eða jarðvegi. [2]
	Mýrarrauði	e01	Jarðvegssýrur, einkum í mýravatni, leysa upp járnsambönd úr bergi. Þau flytjast síðan með vatni og setjast til sem mýrarrauði þar sem vatnið afsýrist. [2]
	Steinsalt	e02	Verður til við öra uppgufun í innhöfum, lönnum eða saltvötnum í þurru og heitu loftslagi. [2]
	Kalksteinn	e03	Kalkhrúður. Kalksteinn er gerður úr kalsíti og að mestu myndaður í sjó, einkum úr leifum þörungna og dýra. Hér á landi myndast kalkhrúður við kolsýrulaugar. [2]
	Dropasteinn	e04	Steindröngull, vanalega úr kalsíumkARBÓNATI (e: dripstone, stalagmite). Dropasteinar myndast á hellisgólfi og þaki við að kalkborið vatn dropar niður úr hellispaki í langan tíma. [11]
	Hverahrúður	e05	Kísilhrúður. Myndast þegar kísilsýra fellur úr hveravatni er það kólnar. Það er frauðkennt og ljós- eða gráleitt að lit. [2]
	Brennisteinn	e06	Myndar gula gagnsæja kristalla eða gular skánir og er algengur á gufu- eða leirhverasvæðum hér á landi. [2]

Brennisteinskís	e07	Myndast úr kvikuvessum eða heitu vatni. Er algengur hér á landi í eða við kalk- eða kvarsæðar, svo og í bergi sem ummyndast hefur af jarðhita. Brennisteinskís veðrast fremur fljótt og verður að mýrarauða. [2]
Gifs	e08	Hvít eða glær steind sem gerð er úr vatnsblönduðu kalsíumsúlfati. Hér á landi finnst gifs sem glærir, plötulaga kristallar við gufu- og leirhveri. [2]
Hveraleir	e09	Hveraleir er samheiti margs konar steinda sem myndast við tæringu bergs vegna áhrifa brennisteinssýru á jarðhitasvæðum. [21]

Lífrænt set	T	Myndað úr leifum plantna og dýra. [2]
Surtarbrandur	t01	Surtarbrandurinn sem finnst í tertíerum jarðlögum hér á landi er afbrigði af brúnkolum. Hann er venjulega svartur, stundum gljáandi og svipar nokkuð til steinkola en brennslugildið er líkt og í brúnkolum. [2]
Mór	t02	Fyrsta stig kolamyndunar er mór, með um 60% kolefni. Þegar mórinn grefst undir fargi jarðlaga verða margvísleg efnahvörf þar sem mikill hluti vatns, súrefnis, köfnunarefnis og annarra efna hverfa brott. [14]
Kol, steinkol	t03	Steinkol myndast aðallega úr leifum ferskvatnsplantna eða plantna sem verða vatnssósa. Þegar þau grafast í jörðu, einangrast plöntuleifarnar frá súrefni andrúmsloftsins en bakteríur halda áfram að umbreyta þeim í myndlausan mómassa uns súrefnið í umhverfinu þrýtur. [14]
Jarðolía	t04	Jarðolía er blanda af ýmsum loftkenndum, fljótandi og föstum kolvetnisefnum og öðrum skyldum samböndum. Hún greinist í jarðgas, olíu og bik. Uppruni jarðolíu er óljós. Hún finnst nær eingöngu í sjávarseti sem bendir til að hún sé til orðin úr leifum sjávarlífvera. [2]
Kísilgúr	t05	Barnamold. Jarðlög sem að mestu eru gerð úr skeljaleifum kísilþörunga. [11]
Skeljaset	t06	Set sem er nær eingöngu er samsett úr skeljum sjávarlífvera, t.d. skeljasandur, geislunga- og götungaeðja. [7]
Óflokkað	999	

Lífrænt set	T	Myndað úr leifum plantna og dýra. [2]
Surtarbrandur	t01	Surtarbrandurinn sem finnst í tertíerum jarðlögum hér á landi er afbrigði af brúnkolum. Hann er venjulega svartur, stundum gljáandi og svipar nokkuð til steinkola en brennslugildið er líkt og í brúnkolum. [2]
Mór	t02	Fyrsta stig kolamyndunar er mór, með um 60% kolefni. Þegar mórinn grefst undir fargi jarðlaga verða margvísleg efnahvörf þar sem mikill hluti vatns, súrefnis, köfnunarefnis og annarra efna hverfa brott. [14]
Kol, steinkol	t03	Steinkol myndast aðallega úr leifum ferskvatnsplantna eða plantna sem verða vatnssósa. Þegar þau grafast í jörðu, einangrast plöntuleifarnar frá súrefni andrúmsloftsins en bakteríur halda áfram að umbreyta þeim í myndlausan mómassa uns súrefnið í umhverfinu þrýtur. [14]
Jarðolía	t04	Jarðolía er blanda af ýmsum loftkenndum, fljótandi og föstum kolvetnisefnum og öðrum skyldum samböndum. Hún greinist í jarðgas, olíu og bik. Uppruni jarðolíu er óljós. Hún finnst nær eingöngu í sjávarseti sem bendir til að hún sé til orðin úr leifum sjávarlífvera. [2]
Kísilgúr	t05	Barnamold. Jarðlög sem að mestu eru gerð úr skeljaleifum kísilþörunga. [11]
Skeljaset	t06	Set sem er nær eingöngu er samsett úr skeljum sjávarlífvera, t.d. skeljasandur, geislunga- og götungaeðja. [7]
Óflokkað	999	

604 Höggun

Nafn	Höggun
Skilgreining	Áhrif innrænna afla jarðar sem ýmist valda snöggum eða hægum hreyfingum eða formbreytingum í jarðskorpunni, t.d. landrek, brotahreyfingar. [2]
Kóði	604

Fitjueigindir		
	Eld - og sprunguvirkni (sjá 601)	eldSprunguvirkni
	Jarðhnik	jarðhnik
	Jarðmyndun og landmótun við höggun	jarðmLandmHöggun
	Misgengisbrún	misgengisbrun

Fitjueigind

Nafn	Jarðhnik
Skilgreining	Hæg en stöðug hreyfing í jarðskorpunni veldur spennu í bergi. Þegar spenna í bergi nær hámarki, bresta berglögin. Við hreyfinguna myndast sprungur og sprungubarmar færast sundur í gangstæðar áttir. [2]
Heiti	jarðhnik
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Höggun	tekt	Jarðhnik, jarðskorpuhreyfingar og ummerki þeirra. [8]
Sigdalur	sig	Aflöng landspilda sem hefur sigið miðað við umhverfi sitt og er afmörkuð af misgengjum. [3]
Rishryggur	ris	Aflöng landspilda sem hefur risið miðað við umhverfi sitt og er afmörkuð af misgengjum. [3]
Brotalína	brot	Þegar berglög bresta vegna hreyfinga í jarðskorpunni myndast sprungur. Slíkar sprungur kallast brotalínur og eru þær ýmist hallandi eða lóðréttar. Brotalínur má oft rekja langar leiðir og geta verið beinar eða hlykkjóttar. [2]
Sprungu	spr	Gliðnun um brotalínu svo að barmar færast sundur og til verður sprunga. [2]
Jarðskjálftasprungu	jspr	Sprungu sem myndast í jarðskjálfta.
Gjá	gja	Breið sprungu, oft löng og djúp, með sprunguveggjum sem eru að miklu leyti lóðréttir. [3]
Brotalínukerfi	brok	Brotalínukerfi á afmörkuðum svæðum eru oft bundin við ákveðna stefnu. Hreyfing við brotalínur er breytileg frá einum stað til annars og þannig er hægt að greina á milli mismunandi kerfa. [2]
Misgengi	mis	Gliðnun um brotalínu. Annar sprungubarmurinn sígur þannig að jarðlög, sem eiga saman, standa mishátt sitt hvorum megin við brotalínuna. [2]
Sniðgengi	mis01	Hliðrunarmisgengi. Misgengi þar sem spildur hafa hliðrast. Misgengisbarmarnir hreyfast í lárétta stefnu hvor með tilliti til annars og engar lóðréttar hreyfingar eiga sér stað. [23][2]
Samgengi	mis02	Samgengi verður þegar spenna í allar láréttar stefnur er meiri en bergþungaspenna, það er minnsta spenna er lóðrétt. Misgengisflöturinn hallar oftast minna en 45° og er stundum allt að því láréttur. Strikstefna hans á yfirborði er hornrétt á stefnu mestu spennu. Hreyfingar um misgengið eru bæði í lóðréttu og lárétta stefnu. Efri barmur misgengisins ris, en sá neðri sígur. [23]
Siggengi	mis03	Siggengi verður þegar mesta spenna er lóðrétt, það er allar láréttar spennur eru minni en lóðréttu bergþunga-

		spennan. Misgengisflöturinn hallast oftast meira en 45° og er stundum allt að því lóðréttur. Strikstefna hans á yfirborði er hornrétt á stefnu minnstu spennu. Hreyfingar um misgengið eru bæði í lárétta og lóðrétta stefnu. Efri barmur misgengisins sígur, en sá neðri rís. [23]
Lóðrétt höggun	mis04	Landsig og landris. Hreyfingarnar eru afar hægar og taka oft til víðáttumikila svæða. Þær hafa sjaldan verulega jarðlagahöggun í för með sér. [23]

Fitjueigind

Nafn	Jarðmyndun og landmótun við höggun
Skilgreining	Jarðmyndun og landmótun sem verður til við jarðhreyfingar eða jarðhník.
Heiti	jarðmLandmHöggun
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar			
	<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Felling		fell	Jarðlög sem kýtast og vöðlast saman vegna fellingahreyfinga. [2]
	Andhverfa	and	Svæði þar sem jarðlögum hallar til beggja hliða út frá tilteknum ás. <i>Fellingafjöll:</i> Svæði þar sem jarðlög leggjast í fellingar vegna kýtningar í fellingafjöllum. Öldufaldur jarðlagafellingar nefnist andhverfa og miðja andhvefunnar nefnist andhverfuás. <i>Bergrunnur Íslands:</i> Svæði þar sem jarðlögum hallar frá tilteknum ás vegna feringar sem stafar af nýmyndun bergs beggja vegna ássins. Tengist færslu gosbelta. (e. anticline) [41]
	Samhverfa	sam	Svæði þar sem jarðlögum hallar frá báðum hliðum inn að tilteknum ás. <i>Fellingafjöll:</i> Svæði þar sem jarðlög leggjast í fellingar vegna kýtningar í fellingafjöllum. Öldudalur jarðlagafellingar nefnist samhverfa og miðja samhvefunnar nefnist samhverfuás. <i>Bergrunnur Íslands:</i> Svæði þar sem jarðlögum hallar inn að tilteknum ás vegna feringar sem stafar af nýmyndun bergs á samhverfuásnum. (e. syncline) [41]
	Einhallabelti	einhb	Svæði í jarðlagastafli þar sem jarðlög af svipuðum aldri hafa áberandi meiri halla en aðliggjandi yngri og eldri jarðlög (e. monocline, flexure) [41]
Flekahreyfingar		fleka	Jarðskorpan skiptist í sjálfstæða fleka sem eru á hreyfingu.[41]
	Rekbelti	rekb	Rekbelti eða gliðnunarbelti Íslands eru flekaskil þar sem Norður-Ameríku- og Evrópuflekana rekur í sundur. (e. rift zone) [42]
	Jaðarbelti	jadb	Jaðarbelti (hliðarbelti) [flank zone] á Íslandi eru gosbelti utan flekaskilanna þar sem gliðnun er óveruleg eða engin. (e. flank zone) [42]
	Þverbrotabelti	thvb	Þversprunga eða þversprungubelti sem gengur þvert á úthafshryggi og með skástígum „lekum“ misgengjum (þvergengjum) á milli hryggjaásanna þannig að þeir hliðrast.[42]
	Flekamót, flekaskil	flm	Landsvæði sem fleka rekur hvorn frá öðrum, undir hvorn annan eða snúast saman á jöðrum. [41]

Fitjueigind

Nafn	<i>Misgengisbrún</i>
Skilgreining	Þegar lýsa þarf höggun misgengis er skráð í hvaða stefnu lægri brún misgengis stefnir, miðað við hærri misgengisbrúnina. Lægri misgengisbrúnin getur haft stefnu frá 0° til 359° þar sem 0° þýðir norður, 90° austur, 180° suður og 270° vestur. [22]
Heiti	misgengisbrun
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e: real)
Mælieining eigindar	Gráður (°)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæð rauntala

605 Ofanföll

Nafn	Ofanföll
Skilgreining	Öll hreyfing jarðefna og snjóalaga undan halla, frá hærri til lægri staðar í átt að jafnvægi og kyrrstöðu. [15]
Kóði	605

Fitjueigindir		
	Flokkun ofanfalla	ofanfoll
	Jarðmyndun og landmótun eftir ofanföll	jarðmLandmOfanfoll

Fitjueigind

Nafn	Flokkun ofanfalla
Skilgreining	Flokkun á ofanföllum eftir eðli þeirra. Skriða getur t.d. verið aurskriða eða berghlaup og snjóflóð getur t.d. flokkast sem flekahlaup eða krapaflóð. [7]
Heiti	ofanfoll
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Skriður	K	Öll hreyfing jarðefna undan halla, frá hærri til lægri staðar í átt að jafnvægi og kyrrstöðu. Samnefni um hreyfingu jarðefna undan bratta, hvort sem hún er hæg eða hröð, augljós eða verður aðeins greind við nákvæma athugun og mælingu. [15]
Aurskriða	k01	Blanda af fínu efni (sandur, silt og leir), grófu efni (möl og steinar) og mismiklu vatni myndar aurkenndan massa sem flæðir niður halla (e: debris flow). [16]
Berghlaup	k02	Hreyfing á bergmassa eftir sléttum skerfleti, samsíða halla hlíðar eða því sem næst, oft heilar fjallshlíðar (e: rock slide). [17]
Grjóthrun	k03	Frjálst fall á grjóti, úr bröttum brekkum eða klettabeltum (e: rock fall) . [16]
Jarðsil	k04	Þegar jarðvegur er blautur eða jörð er að þiðna, mjakast hann mjög hægt (nokkra mm á ári), en stöðugt, niður brekku. [3]
Aurhlaup	k05	Hlaup á óhörðnuðu efni sem rennur eftir ákveðnum skriðfleti (e: debris slide) . [16]
Bergflóð	k06	Stór massi af lausu grjóti sem verður til við hrun eða hlaup í hlíð eða klettabelti og hreyfist á miklum hraða langa vegalengd, jafnvel þótt halli minnki og getur farið upp hlíðar hinu megin dals (e: rock avalanche) . [16]
Jarðskrið	k07	Færsla á lausu efni, oftast eftir bogadregnum skerfleti (e: rotational slide, slump). [16]
Velta	k08	Yfirsnúningur (forward rotation) á massa efnis, oftast stórstuðlað grjót neðst í klettabelti (e: topple) . [16]
Bergskrið	k09	Skriðform, afmyndun af völdum þyngdarkrafts sem hefur helst áhrif á brotinn eða smástuðlaðan bergmassa sem er nánast einsleitur (e: rock flow) . [16]
Jarðfall	k10	Litlar skriður eða opnur í grassverði, yfirleitt er efni þeirra moldarjarðvegur.

Snjóflóð	S	Snjóflóð er það nefnt þegar snjóþekja losnar frá undirlagi sínu og rennur niður hlíð. [18]
Flekahlaup	s01	Upptök breið, skörðótt, þverskorin og sprungur til hlíðanna. Þessi hlaup hefjast venjulega sem ein heild, þ.e. stór snjóbreiða fer af staði í einu lagi.
Lausasnjóflóð	s02	Flóðið byrjar í einum punkti og breiðkar niður frá upptökunum.
Krapaflóð	s03	Snjórinn í flóðinu er mettaður af vatni.
Kófhlaup	s04	Flóðið er létt kóf án þétts kjarna niður við jörð.
Óflokkað	999	

Fitjueigind

Nafn	Jarðmyndun og landmótun eftir ofanföll
Skilgreining	Jarðmyndun og landmótun sem verða til við ofanföll, þ.e. skriðuföll og snjóflóð. [7]
Heiti	jarðLandmOfanföll
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e: integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Brotbrún	1	Óhreyft efni sem er samhliða efsta hluta brotstálsins (e: crown) . [16]
Bingur	2	Allt efni skriðunnar frá skálarbotni til frambrúnar (e: main body, main foot). [16]
Brotstál	3	Bratt yfirborð óhreyfðs efnis í efri hluta skriðunnar, myndað vegna færslu á skriðuefninu frá óhreyfða massanum (e: main scarp). [16]
Efsti hluti bingsins, skálarbotn	4	Hæsti hluti snertingar milli bingsins og brotstálsins (e: top). [16]
Frambrún	5	Neðsti hluti bingsins, yfirleitt bogadregið og fjærst brotstálinu (e: toe) . [16]
Stallur	6	Bratt yfirborð innan hreyfðs efnis skriðunnar vegna mismunandi færslu innan efnisins (e: minor scarp) . [16]
Jaðar	7	Ytri mörk skriðunnar samsíða færslu skriðunnar (e: flank). [16]

606 Eyjar, sker og jökulsker

Nafn	<i>Eyjar, sker og jökulsker</i>
Skilgreining	Þessari fitjutegund tilheyra eyjar, hólmar, klettur og sker. Eyja er land umflotið á alla vegu. Hólmi er lítil eyja, oftast grasi vaxinn og umflotin vatni. Sker er klettur, klöpp í eða rétt undir sjávarborði, í vatni, inni í landi eða umkringd(ur) jökli. [12] Klettur er bjarg, steindrangur, sem er umflotinn vatni. [28]
Kóði	606

Fitjueigindir		
	Flokkun eyjar og skers	eyjarSkers
	Gerð skers og kletts	gerdSkersKletts

Fitjueigind

Nafn	<i>Flokkun eyjar og skers</i>
Skilgreining	Eyjar og sker eru flokkaðar nánar í eyju og hólma eða klett og sker. Þá er gerður greinamunur á hvort um er að ræða stakt fyrirbæri, klasa eða garð. [29]
Heiti	eyjarSkers
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Eyja, hólmi	1	Eyja er land umflotið vatni á alla vegu. Hólmi er lítil eyja, oftast grasi vaxinn og umflotinn vatni. [12]
Sker, klettur	2	Sker, klettur eða klöpp sem er umflotin vatni, rétt undir sjávarborði, umkringdur jökli eða inni í landi. [12][28].
Eyjaklasi	3	Þyrping skerja, kletta, eyja eða hólma.
Garður	4	Rif eða ílangur garður skerja, kletta, eyja eða hólma (t.d. klettabelti).

Fitjueigind

Nafn	<i>Gerð skers og kletts</i>
Skilgreining	Tegund skers og kletts vísar til hvort það stendur upp úr sjó eða undir sjávarborði. [29]
Heiti	gerdSkersKletts
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e. integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[31]
Alltaf upp úr sjó	10	Klettur, alltaf upp úr sjó, hæð yfir viðmiðunarfleti hæðar.
Í kafi á flóði	11	Sker [flæðisker], klettur, í kafi á flóði, hæð yfir viðmiðunarfleti dýpis.
Örlar á um fjöru	12	Sker, klettur, sem örlar á um fjöru.
Blindsker / klettur	13	Blindsker alltaf undir sjávarborði.

607 Landslag

Nafn	Landslag
Skilgreining	Landslag er svæði sem fólk upplifir að hafi ákveðin einkenni sem eru tilkomin vegna samspils náttúrulegra krafta og/eða menningarlegra áhrifa. [40] „Landslag merkir svæði sem hefur ásýnd og einkenni vegna náttúrulegra og/eða manngerðra þátta og samspils þar á milli. Landslag tekur þannig til daglegs umhverfis, umhverfis með verndargildi og umhverfis sem hefur verið raskað. Undir landslag fellur m.a. þéttbýli, dreifbýli, ósnortin víðerni, ár, vötn og hafsvæði.“ [27]
Kóði	607

Fitjueigindir		
	Flokkun landslags	landslag

Fitjueigind

Nafn	Flokkun landslags
Skilgreining	„Flokkun á landslagi byggir á greiningu lands á þann hátt að einsleit svæði eru afmörkuð út frá sameiginlegum einkennum í náttúrufari, landslagi og landnotkun.“ [30] Dæmi: Fjalllendi, láglandi, dalalandslag og tindótt landslag.
Heiti	landslag
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e. character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti, bókstafir

Fitjueigindir sameiginlegar öllum fitjuflokkum undir þemanu**Fitjueigind**

Nafn	Aðferð aldursgreiningar, aldursákvörðun
Skilgreining	Aðferðir notaðar til að greina raunverulegan aldur jarðmyndana. Gerð aldursgreiningar er skráð sem skammstöfun, t.d. C-14; K/Ar; 18-O o.s.frv. [7]
Heiti	adferdAldursgr
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Fitjueigind

Nafn	Afstæður aldur jarðmyndana
Skilgreining	Afstæður aldur jarðmyndana er metinn út frá stöðu eða legu myndana og gefur hugmynd um hvernig þau tengjast í aldri. Dæmi: Þegar fleiri en ein jökulrák er mæld og staðfest hvor þeirra er eldri. Elstu jarðmyndun svæðis er gefið gildið 1, næstelsta fær 2 o.s.frv., þannig að yngsta myndunin fær hæsta gildið. [7]
Heiti	afstaedurAldur
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Heiltölur og bókstafir.

Fitjueigind

Nafn	Aldursákvörðun, leiðréttur aldur
Skilgreining	Aldur jarðmyndunar fenginn með viðurkenndum aldursgreiningaraðferðum, þegar búið er að taka tillit til skekkjumarka og leiðréttinga aldurs þar sem við á, t.d. C-14. [2]
Heiti	aldursakvordun
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Ártal
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti

Fitjueigind

Nafn	Ár jarðmyndunar
Skilgreining	Þegar ártal náttúruhamfara eða jarðmyndana er þekkt, t.d. eldgos eða ofanföll. Ákveðið ártal náttúruhamfara er skráð t.d. 1941. Ef myndun hefur tekið nokkur ár er notað bandstrik t.d. 1963–65. [7]
Heiti	arJardmyndunar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Ártal
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti

Fitjueigind

Nafn	Dagsetning jarðmyndunar - byrjun
Skilgreining	Dagsetning á upphafi eða byrjun jarðmyndunar eða náttúruhamfara, t.d. eldgos eða ofanföll. Ákveðin dagsetning jarðmyndunar eða náttúruhamfara er skráð ÁÁÁÁMMDD t.d. 19730123. [7]
Heiti	dagsJardmB
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Dagsetning
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi

Gildisóðal	Texti
Fitjueigind	
Nafn	Dagsetning jarðmyndunar - endir
Skilgreining	Dagsetning á endi jarðmyndunar eða náttúruhamfara, t.d. eldgos eða ofanföll. Ákveðin dagsetning jarðmyndunar eða náttúruhamfara er skráð ÁÁÁÁMMDD t.d. 19730626. [7]
Heiti	dagsJardmE
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Dagsetning
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Texti

Fitjueigind	
Nafn	Jarðlagahalli
Skilgreining	Halli jarðlags er mældur sem hornið milli lárétts flatar og flatar jarðlagsins. Armar hornsins eru hornréttir við jarðlagastrikið. [3] Halli getur tekið gildin 0 til 90° þar sem 0° = lárétt og 90° = lóðrétt. Í tilfellum þar sem ekki eru notaðar rauntölur, þ.e. halli er meiri eða minni en ákveðin tala er næsta tala fyrir ofan og neðan viðmiðunartölu skráð sem eigind. Dæmi: halli > 10° þá er hallatalan 11 skráð í töflu og fyrir halla < 10° þá er hallatalan 9 skráð í töflu.
Heiti	jarðlagahalli
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e: real)
Mælieining eigindar	Gráður (°)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæð rauntala

Fitjueigind	
Nafn	Jarðsögulegur aldur (Ath. þarfnast endurskoðunar ! Búið er að endurskoða tímabil jarðsögunnar og sem dæmi er Tertíer ekki lengur til. Sjá HÉR á vef NÍ)
Skilgreining	Aldur jarðlaga, tímatal samkvæmt íslenskri nafngift og jarðsögutímatali nýlífsaldar í Norðvestur-Evrópu. [1]
Heiti	jarðsögulegurAldur
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði - ATH</i>	<i>Skilgreining</i>
Íslenskt jarðsögutímatal	H_is K_is T_is	Nútími á Íslandi Kvarter á Íslandi Tertíer á Íslandi
Sögulegur tími	H_iss	Tímabilið frá því að land byggist, árið 874, og til dagsins í dag. [2]
Forsögulegur tími	H_isfs	Forsögulegur tími hefst þegar ísöld lýkur (fyrir um 10.000 árum) og fram til landnáms. [2]
Nútími	H	Nútími er almennt talinn hefjast fyrir 10.000 árum en þá færðist loftlag í núverandi horf. [2]
Síðjökultími	K_issjo	Tímabilið frá því að þaðar meginjökuls ísaldar hafði hoptað inn fyrir núverandi strönd vegna loftslagsbreytinga. Tímabilið frá því fyrir um 12.000 árum til 10.000 árum. [2]
Móbergsmyndun	K_ism	Myndun frá síðari hluta ísaldar sem hófst fyrir 700.000 árum og lauk fyrir 10.000 árum. [2]
Grágrýtismyndun	K_ism K_ismg K_ismge	Myndun frá fyrri hluta ísaldar á tímabilinu frá 3,0 – 0,7 milljónum ára. [2] Yngri (y) og eldri (e) grágrýtismyndun

Blágrýtismyndun	T_isb	Elsta íslenska jarðmyndunin frá síðtertíer, það er míósen og plíósen. [2]
<i>Jarðsögutímatal Norðvestur-Evrópu</i>		<i>Hér er tekin fyrir nýlifsöld, tertíer og kvarter. [33][35]</i>
Nútími	H	Hólósen, flandrian. Hófst fyrir um 10.000 árum og stendur enn.
Kvarter	K	Kvarter tímabilinu er skipt í tvo mjög mismilanga tíma, pleistósen (ísöld) sem byrjaði fyrir um 1,8 milljónum ára og nútíma (hólósen) sem hófst fyrir 10.000 árum og stendur enn. [2]
Pleistósen	Kple	Ísöld. Jarðsögutímabilið frá 1,8 milljónum ára til 10.000 ára. Pleistósen er síðan skipt upp frekar í jökulskeið og hlýskeið
Weichselian	Kp_wei	Síðasta jökulskeið (glacial) innan pleistósen. Weichselian er skipt upp frekar í kuldakafli og hlýndakafli í lok síðasta jökulskeiðs. Tímabil frá 70.000 –10.000 árum.
<i>Younger Dryas</i>	Kpw_yd	Frá 10.600–10.300 árum; hlýndakafli (stadial) í lok síðasta jökulskeiðs, Weichselian.
<i>Alleröd</i>	Kpw_alle	Frá 11.800–10.600 árum; hlýndakafli (interstadial) í lok síðasta jökulskeiðs, weichselian.
<i>Older Dryas</i>	Kpw_od	Frá 12.000–11.800 árum; kuldakafli (stadial) í lok síðasta jökulskeiðs, weichselian.
<i>Bölling</i>	Kpw_boll	Frá 13.000–12.000 árum; hlýndakafli (interstadial) í lok síðasta jökulskeiðs, weichselian.
Eemian	Kp_eem	Hlýskeið (interglacial) innan pleistósen. Tímabil frá 130–70 þúsund árum. [33]
Saalian	Kp_saa	Jökulskeið (glacial) innan pleistósen. Tímabil frá 380–130 þúsund árum. [33]
Holsteinian	Kp_hol	Hlýskeið (interglacial) innan pleistósen Tímabil frá 400–380 þúsund árum. [33]
Elsterian	Kp_els	Jökulskeið (glacial) innan pleistósen. Tímabil frá 480–400 þúsund árum. [33]
Cromerian complex	Kp_cro	Á þessu tímabili skiptust á a.m.k. fjögur hlýskeið og þrjú jökulskeið. Tímabil frá 880–480 þúsund árum. [33]
Bavelian	Kp_bav	Tímabil innan pleistósen frá 1,14 milljónum ára til 880 þúsund ára. [33]
Menapian	Kp_men	Þessi þrjú tímabil eru ekki vel afmörkuð innan pleistósen, en eburonian hófst fyrir um 1,78 milljónum ára og menapian lauk fyrir um 1,14 milljónum ára. [33]
Waalian	Kp_waa	
Eburonian	Kp_ebu	
Tiglian	Kp_tig	Tilheyrir bæði pleistósen og síð-plíósen. Tímabil frá 2,5–1,78 milljón ár. [33]
Kvarter/tertíer	KT	Mörkin milli kvarter (pleistósen) og tertíer (plíósen), sett fyrir um 1,8 milljónum ára. [33]
Hlýskeið á kvarter	K_h	Tímabil með hlýju loftslagi á kvarter
Jökulskeið á kvarter	K_k	Tímabil með köldu loftslagi á kvarter
Tertíer	T	Tímabil jarðsögunnar sem tekur yfir meginhluta nýlifsaldar og hófst fyrir um 65 milljónum ára og lauk fyrir um 1,8 milljónum ára. Tertíer er skipt í ártertíer (paleósen, eósen og ólígósen) og síðtertíer (míósen og plíósen). [2][25]
Plíósen	Tpli	Jarðsögutímabilið frá 5,3 til 1,8 milljónum ára.
Míósen	Tmio	Jarðsögutímabilið frá 23 til 5,3 milljónum ára.
Ólígósen	Toli	Jarðsögutímabilið frá 34 til 23 milljónum ára.
Eósen	Teos	Jarðsögutímabilið frá 56 til 34 milljónum ára.
Paleósen	Tpal	Jarðsögutímabilið frá 65 til 56 milljónum ára.
Hlýskeið á tertíer	T_h	Tímabil með hlýju loftslagi á tertíer
Jökulskeið á tertíer	T_k	Tímabil með köldu loftslagi á tertíer
Óþekkt tímabil	999	

Fitjueigind

Nafn	<i>Lega jarðlaga</i>
Skilgreining	Skipan jarðlaga innbyrðis. [1]
Heiti	legaJardlaga
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e: integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Samlæg jarðlög	1	Jarðlög sem liggja hvort að öðru og eru samsíða. [3]
Mislæg jarðlög	2	Jarðlög sem liggja hvort að öðru en eru ekki samsíða. [3] Oft getur mislægi stafað af því að eyða eða rof er í jarðlagamynduninni.

Fitjueigind

Nafn	<i>Miðlína (hryggilína) jarðmyndana</i>
Skilgreining	Miðlína fer í gegnum miðju jarðmyndunar eða hæsta hluta hennar. [7]
Heiti	midlinaJardmyndana
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e: integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Miðlína	ml	

Fitjueigind

Nafn	<i>Mörk jarðlaga</i>
Skilgreining	Mat á hversu greinileg mörk eða jaðar jarðlaga eru. [7]
Heiti	morkJardlaga
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e: integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Greinileg	1	
Óljós	2	
Óviss	3	
Ósýnileg	4	
Mörk undir vatni eða seti	5	

Fitjueigind

Nafn	<i>Segultímatal, segultímakvarði</i>
Skilgreining	Segultímatal, segultímakvarði. Jarðfræðilegur tímakvarði sem byggir á segulstefnumælingum á aldursákvörðuðum jarðlögum (K/Ar-aldursákvörðanir) (e: geomagnetic time scale). [7]
Heiti	segultimatal
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
		[34][35]
Brunhes	BRUN	Rétt segulmagnað segulskeið sem hófst fyrir um 0,78

		milljónum ára. (Segulskeið = 1)
Matuyama	MATU	Öfugt segulmagnað segulskeið, frá 2,60 til 0,78 milljónum ára. (Segulskeið = 2)
Jaramillo	jara	Rétt segulmagnaður kafli innan Matuyama, frá 0,92-0,97 millj. ára (Undirsegulskeið = 1r-1)
Gilsá / Olduvai	gils	Rétt segulmagnaður kafli innan Matuyama, frá 1,67-1,87 millj. ára. (Segulskeið= 2)
Réunion	reun	Rétt segulmagnaður kafli innan Matuyama, frá 2,01-2,14 millj. ára. (Undirsegulskeið = 2r-1 2r-2)
Gauss	GAUS	Rétt segulmagnað segulskeið, frá 3,4 til 2,6 milljónum ára. (Segulskeið= 2A)
Kaena	kaen	Öfugt segulmagnaður kafli innan Gauss, frá 2,92-3,01 millj. ára. (Undirsegulskeið = 2A-1)
Mammoth	mamm	Öfugt segulmagnaður kafli innan Gauss, frá 3,05-3,15 millj. ára. (Undirsegulskeið = 2A-2)
Gilbert	GILB	Öfugt segulmagnað segulskeið, frá 6,8-3,4 milljónum ára. (Segulskeið = 3)
Cochiti	coch	Rétt segulmagnaður kafli innan Gilbert, frá 3,86-3,98 millj. ára. (Segulskeið = 3.1)
Nunivak	nuni	Rétt segulmagnaður kafli innan Gilbert, frá 4,12-4,26 mill. ára. (Segulskeið = 3.2)
Síðufjall	sidu	Rétt segulmagnaður kafli innan Gilbert, frá 4,41-4,49 millj. ára. (Undirsegulskeið = 3.2r-1)
Þverá	thver	Rétt segulmagnaður kafli innan Gilbert, frá 4,59-4,79 millj. ára. (Segulskeið = 3.3)

Fitjueigind

Nafn	Steingervingar
Skilgreining	Allar leifar, afsteypur eða för eftir lífverur sem finnast í jarðlögum. [1]
Heiti	steingervingar
Tegund eigindar í gagnagrunni	Heiltala (e: integer)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Steingerðar plöntur	1	Allar leifar, afsteypur eða för eftir plöntur.
Steingerðir trjáboli	2	Allar leifar, afsteypur eða för eftir trjáboli.
Steingerð sjávardýr	3	Allar leifar, afsteypur eða för eftir sjávardýr.
Steingerð vatnadýr	4	Allar leifar, afsteypur eða för eftir vatnadýr.
Steingerð smádýr	5	Allar leifar, afsteypur eða för eftir smádýr.
Steingerð landdýr	6	Allar leifar, afsteypur eða för eftir landdýr.
Spor, grafgöng	7	Spor eða grafgöng eftir lífverur.

Fitjueigind

Nafn	Straumstefna í jarðmyndunum og jökulrofi
Skilgreining	Mæld straumstefna í jarðmyndunum og jökulrofi. Straumstefna getur tekið gildin frá 0 til 359° þar sem 0° þýðir norður, 90° austur, 180° suður og 270° vestur o.s.frv. [1]
Heiti	straumstefna
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e: real)
Mælieining eigindar	Gráður (°)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæð rauntala

Fitjueigind

Nafn	Strikstefna, strik
Skilgreining	Stefna láréttar línu í náttúrubundnum hallandi fleti, t.d. jarðlagi eða sprungu-vegg. Strikstefna er tilgreind með stærð hornsins milli norðuráttar og línunnar. [3] Strikstefnan getur tekið gildin frá 0 til 180° þar sem 0° þýðir norður og suður, 180° þýðir vestur og austur
Heiti	strikstefna
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e: real)
Mælieining eigindar	Gráður (°)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæð rauntala

Fitjueigind

Nafn	Hallastefna
Skilgreining	Mæld stefna á hallandi jarðlögum. Hallastefnan getur tekið gildin frá 0 til 359° þar sem 0° þýðir norður, 90° austur, 180° suður og 270° vestur o.s.frv. (fer saman með fitjueigind jarðlagahalli)
Kóði	hallastefna
Tegund eigindar í gagnagrunni	Rauntala (e: real)
Mælieining eigindar	Gráður (°)
Gerð gildisóðals	Ákveðið gildi
Gildisóðal	Jákvæð rauntala

Fitjueigind

Nafn	Yfirborð jarðmyndana
Skilgreining	Yfirborð jarðmyndana flokkað eftir því hvort það er rofið, hulið eða ummyndað. [1] Hægt er að setja saman kóða þar sem við á t.d. myndun sem er talsvert rofin, ummynduð og hulin vatni, fær kóðann 4w c.
Heiti	yfirborðJarðmyndana
Tegund eigindar í gagnagrunni	Textastrengur (e: character)
Mælieining eigindar	Engin
Gerð gildisóðals	1 = tilbúið gildi

Gildi fitjueigindar		
<i>Nafn</i>	<i>Kóði</i>	<i>Skilgreining</i>
Yfirborð rofið	1	
Lítið rof	2	
Nokkurt rof	3	
Talsvert rof	4	
Mikið rof	5	
Mjög mikið rof	6	
Myndun hulin bergi	a	Jarðmyndun hulin bergi
Myndun hulin seti	b	Jarðmyndun hulin seti eða jarðvegsþekju
Myndun hulin vatni eða sjó	c	Jarðmyndun hulin vatni eða sjó
Myndun hulin jökli	d	Myndun hulin jökli
Ummyndun	w	Breyting á bergi eða seti vegna áhrifa í umhverfi t.d. vegna jarðhita

Tilvitnanaskrá

- [1] Náttúrufræðistofnun Íslands (2002). Munnlegar heimildir.
- [2] Þorleifur Einarsson (1991). *Myndun og mótun lands – jarðfræði*. Mál og menning, Reykjavík.
- [3] Orðanefnd byggingarverkfræðinga (1989). *Orðasafn um jarðfræði*. Vegamál – fylgirit.
- [4] Sveinn P. Jakobsson (1980): Outline of the petrology of Iceland. (*Bergfræði Íslands*). *Jökull*, 29: 57-73, 96-99.
- [5] Le Maitre, R.W. (2002). *Igneous Rocks. A Classification and Glossary*.
- [7] Náttúrufræðistofnun Íslands (2004). Munnlegar heimildir.
- [8] Guðbjartur Kristófersson (2003). *Jarðfræði*. Prentað sem handrit. 267 bls. Offsetfjölritun ehf.
- [9] Rannsóknastofnun landbúnaðarins (2002, febrúar). *ÝMIR. Rannsóknaverkefni tileinkað íslenskum jarðvegi*. <http://www.rala.is/ymir/>. (Sótt 2002).
- [10] Ólafur Arnalds (2004). *Hin íslenska jarðvegsauðlind. Fræðaging landbúnaðarins*. Bls. 94-102.
- [11] Jón Benjamínsson (1992). *Orðaskrá í jarðfræði og skyldum greinum*. Útg. Jón Benjamínsson, Reykjavík.
- [12] Árni Böðvarsson (Ritstj.) (1988). *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. 2. útgáfa, aukin og bætt. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- [13] Ari Trausti Guðmundsson (2002). *Íslenskur jarðfræðilykill*. Mál og menning, Reykjavík.
- [14] Sigurður Steinþórsson (26.05.2005). *Hvað eru steinkol og til hvers eru þau notuð? Vísindavefurinn*. <http://www.visindavefur.hi.is/?id=2507> (Sótt 2002).
- [15] Ólafur Jónsson (1992). *Skriðuföll og snjóflóð*. Fyrsta bindi. Skjaldborg, Reykjavík.
- [16] Dikau R., Brunsden D., Schott L. og Ibsen M.L. (Ritstj.) (1996). *Landslide recognition: Identification, movement and causes*. New York, Wiley, 251 bls.
- [17] Náttúrufræðistofnun Íslands (2005). Munnlegar heimildir.
- [18] Magnús Már Magnússon. *Veðurstofa Íslands* (2002). Munnlegar heimildir.
- [19] Sigurður Steinþórsson (27.05.2002) *Hvað er vatnsrof? Vísindavefurinn*. <http://www.visindavefur.hi.is>. (Sótt 2002).
- [20] Sigurður Steinþórsson (30.05.2002). *Hvað er jökulrof? Hvernig verður jökulrof og landmótun jökla á Íslandi? Vísindavefurinn*. <http://www.visindavefur.hi.is>. (Sótt 2002)
- [21] Sigurður Steinþórsson (19.06.2002) *Hvernig lýsir frost- og efnaveðrun sér á Íslandi? Vísindavefurinn*. <http://www.visindavefur.hi.is>. (Sótt 2002).
- [22] Náttúrufræðistofnun Íslands (2003). Munnlegar heimildir.
- [23] Sveinbjörn Björnsson og Páll Einarsson (1981). *Náttúra Íslands*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- [24] The Free Dictionary (2005). <http://encyclopedia.thefreedictionary.com/lce-age> (Sótt 2005).
- [25] International Commission on Stratigraphy (ICS) <http://www.stratigraphy.org/cenous.pdf> (sótt 2005).
- [27] *Skipulagslög* nr. 123/2010.
- [28] Sjósmælingar Íslands (1982). *Tákn og skammstafanir í íslenskum sjókortum*. Reykjavík.
- [29] Landmælingar Íslands (2002). Munnlegar heimildir.
- [30] Yngvi Þór Loftsson (2002). *Arki Tíðindi*, 1.tbl., bls. 44-47.
- [31] Sjósmælingar Íslands (2001). *Tákn og skammstafanir í íslenskum sjókortum. Kort 1*. Reykjavík).
- [32] Guðmundur Kjartansson (1981). *Náttúra Íslands*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.

- [33] Gibbard, P.L., Smith, A.g., Zalasiewicz, J.A., Barry, T.L., Cantrill, D., Coe, A.L., Cope, J.C.W., Gale, A.s., Gregory, F.J., Powell, J.H., Rawson, P.F., Stone, P. og Waters, C.N. (2005): *What status for the Quaternary?* Boreas, Vol. 34, pp. 1-6. Oslo. ISSN 03009483
- [34] Cande, S.C. og Kent, D.V. (1995): *Revised calibration of the geomagnetic polarity timescale for the Late Cretaceous and Cenozoic.* Journal of Geophysical Research, Vol. 100, No. B4, pp. 6093-6095.
- [35] Harland, W.B., Cox, A.V., Llewellyn, P.G., Picton, C.A.G., Smith, A.G., og Walters, R.: *A geologic time scale.* Cambridge University Press, 1982.
- [36] Guðmundur Kjartansson (1980). *Fold og vötn. Greinar um jarðfræðilegt efni.* Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- [37] Sigurður Þórarinnsson (1981). *Náttúra Íslands.* Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- [38] Jón Eiríksson (1993). *Inngangur að setlagfræði.* Fjölritunarstofan Daníels Halldórssonar. Reykjavík 1993
- [39] Peter Francis (1993). *Volcanoes a planetary perspective.* Clarendon Press. 443 bls.
- [40] Skúli Víkingsson (1990). *Höfuðborgarsvæði. Tillögur um staðal fyrir jarðgrunnkort.* Greinagerð: SV-90/01. Verknúmer 890.400. Orkustofnun.
- [41] Náttúrufræðistofnun Íslands (2013). Munnlegar heimildir.
- [42] Guðbjartur Kristófersson. Jarðfræðiglösur. <http://www.mr.is/~gk/jfr/ordskyr/index.html> (Sótt 2013).

Útgáfusaga og breytingar

Útgáfunúmer	Dagsetning útgáfu	Hver breytti	Athugasemdir
1.0	10.08.2012	AGA	1. útgáfa skjalsins
1.1	25.11.2013	AGA	Breytingar í samræmi við skriflegar athugasemdir frá NÍ.